

## GJALDSKRÁ

### Vestmannaeyjabæjar fyrir skipulags- og byggingarmál og tengd þjónustugjöld.

#### 1. gr.

Gjaldtaka samkvæmt gjaldskrá þessari er byggð á heimild í 50., 51. og 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslögum nr. 123/2010.

Samkvæmt gjaldskrá þessari skal aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttar, breytinga á uppdráttum, auglýsinga og kynninga vegna málsins. Umhverfis- og skipulagsráð getur ákveðið að falla frá gjaldtöku, ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið. Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyptrar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald, vegna umfangs verksins, er heimilt að leggja á viðbótargjald samkvæmt reikningi.

#### 2. gr.

Greiða skal gjald fyrir útgáfu á byggingarleyfi sem byggingarfulltrúi/umhverfis- og skipulagsráð samþykkir og fengið hefur staðfestingu bæjarstjórnar.

Byggingarleyfisgjald samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða við veitingu byggingarleyfis.

Gjaldið miðast við eina yfirferð aðaluppdráttar. Þá er innifalið í gjaldinu byggingarleyfisgjald, gjald vegna útmælingar og hæðarsetningar, byggingareftirlits, lögbundinna úttekta, öryggisúttektar og lokaúttektar.

Úttektir á verkþáttum eru lögbundnar, sbr. 3.7.5 gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og 16. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

Hlutfall samkvæmt 3.-6. gr. gjaldskrárinnar er hlutfallsprósenta af byggingarkostnaði pr. m<sup>2</sup> vísitöluhúss fjölbýlis sbr. útreikning Hagstofu Íslands.

#### 3. gr.

##### Byggingarleyfisgjald.

Fyrir byggingarleyfi skal greiða eftirfarandi gjöld:

3.1 Byggingarleyfisgjald	Hlutfall	Kr.
a. Einbýlishús	85%	248.281
b. Par-, rað-, tvíbýlis- og keðjuhús, pr. íbúð	65%	189.862
c. Fjölbýlishús, pr. íbúð	50%	146.047
d. Atvinnu-, þjónustu- og stofnanahúsnaði		
- gólfhlötur allt að 500 fermetrum	55%	160.652
- gólfhlötur á bilinu 500-1.000 fermetrar	125%	365.119
- gólfhlötur á bilinu 1.000-2.000 fermetrar	260%	759.447
- gólfhlötur yfir 2.000 fermetrum	380%	1.109.960
e. Önnur hús, hvers konar viðbyggingar og bílgeymslur		
- gólfhlötur allt að 40 fermetrum	25%	73.024
- gólfhlötur 40-100 fermetrar	45%	131.443
- gólfhlötur yfir 100 fermetrum	55%	160.652
f. Minniháttar breytingar á útliti, innra skipulagi, utanhúsklæðningu o.þ.h.	10%	29.209
g. Meiriháttar breytingar á innra skipulagi húsnaðis (burðarvirki o.fl.)	25%	73.024
h. Fristundahús	50%	146.047
i. Yfirferð sérteikningar skv. reikningi, hámark	50%	146.047
j. Sé byggingarleyfi endurnýjað óbreytt skal greiða afgreiðslugjald skv. 6. gr. gjaldskrárinnar.		

## 4. gr.

*Framkvæmdaleyfisgjald.*

4.0 *Vestmannaeyjabær leggur á framkvæmdaleyfisgjald og gjald fyrir skipulagsvinnu samkvæmt heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Bæjarstjórn leggur á framkvæmdaleyfisgjald og gjald fyrir skipulagsvinnu samkvæmt heimild í ofangreindu ákvæði skipulagslaga, vegna framkvæmda sem afla þarf framkvæmdaleyfis fyrir, sem og fyrir eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum. Gjaldið má ekki nema hærri upphæð en nemur kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfisins og eftirlitsins, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar þjónustu. Sé þörf á að vinna skipulagsáætlun eða gera breytingu á henni vegna leyfisskyldra framkvæmda getur sveitarstjórn innheimt gjald fyrir skipulagsvinnu sem er nauðsynleg vegna þeirrar framkvæmdar. Gjaldið skal ekki nema hærri fjárhæð en kostnaði við skipulagsgerðina og kynningu og auglýsingu skipulagsáætlunar.

Lágmarksgjald framkvæmdaleyfis er hlutfallsprósenta af byggingarkostnaði pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlishúss, sbr. útreikning Hagstofu Íslands.

4.1 <i>Framkvæmdaleyfisgjald</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Kr.</i>
a. Minniháttar framkvæmdir	50%	146.047
b. Meiriháttar framkvæmdir sem hafa umhverfisleg áhrif, skv. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012	150%	438.142

Við umfangsmiklar og flóknar framkvæmdir er heimilt að rukka eftir tímagjaldi skipulagsfulltrúa skv. 6. gr. gjaldskrárinnar.

Framkvæmdaleyfi fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan 12 mánaða frá útgáfu þess, í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Framkvæmdaleyfisgjald samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða við veitingu framkvæmdaleyfis og er ekki endurkræft þó framkvæmdaleyfi falli úr gildi eða ef ekki verður af framkvæmd.

## 5. gr.

*Gjöld samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.*

5.0 *Afgreiðslugjald* samkvæmt 20. gr. skipulagslaga er greitt við móttöku umsóknar um byggingarleyfi, framkvæmdaleyfi og skipulagsbreytingar. Í gjaldinu felst kostnaður sveitarfélagsins við móttöku og yfirferð erindisins. Gjaldið er ekki endurkræft þótt umsókn sé dregin til baka eða synjað.

*Umsýslu- og auglýsingakostnaður* er kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingar auglýsinga og annarrar umsýslu.

*Breytingarkostnaður* er kostnaður sem fellur til innan sveitarfélagsins við breytingar á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppráttum.

5.1 <i>Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Kr.</i>
a. Breytingar á aðalskipulagsupprætti, sbr. 36. gr.	aðkeypt vinna skv. reikningi	
b. Óveruleg breyting á aðalskipulagsupprætti, sbr. 2. mgr. 36. gr.	aðkeypt vinna skv. reikningi	
c. Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr.	50%	146.047
d. Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr.	30%	87.628

5.2 <i>Kostnaður vegna deiliskipulags.</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Kr.</i>
a. Deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr.	aðkeypt vinna skv. reikningi	
b. Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr.	50%	146.047
c. Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 43. gr.	aðkeypt vinna skv. reikningi	
d. Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr.	50%	146.047
e. Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr.	30%	87.628
f. Grenndarkynning vegna breytinga á deiliskipulagi	15%	43.814
g. Grenndarkynning byggingarleyfissóknar	15%	43.814

Við grenndarkynningu er heimilt er að innheimta aukagjald samkvæmt tímagjaldi skipulagsfulltrúa fyrir vinnu umfram það meðalgjald sem kynnt er.

## 6. gr.

*Þjónustugjöld.*

Greiða skal eftirtalin þjónustu- og leyfisgjöld fyrir þá þjónustu sem byggingarfulltrúi og skipulagsfulltrúi veita. Þjónustugjöld eru ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlishúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands.

<i>6.1 Afgreiðslu- og þjónustugjöld.</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Kr.</i>
a. Afgreiðslugjald erinda	7%	20.447
b. Staðfestingargjald vegna lóðarúthlutunar		
- einbýlishús	25%	73.024
- parhús, raðhús og fjölbýlishús að 4 íbúðum, pr. íbúð	15%	43.814
- fjölbýlishús, pr. íbúð	12%	35.051
- atvinnu- og þjónustuhús	30%	87.628
- lóðastækkun undir 100 fermetrum	12%	35.051
- lóðastækkun yfir 100 fermetrum	25%	73.024
d. Ný fasteign – skv. gjaldskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar		
e. Ný lóð – skv. gjaldskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar		
f. Eignaskiptayfirlýsingar -	aðkeypt vinna skv. reikningi	
g. Hver endurskoðaður aðaluppdráttur	10%	29.209
h. Endurnýjun leyfis án breytinga	10%	29.209
i. Úttekt og umsögn vegna veitinga- og gistileyfa	7%	20.447
j. Breytingar á lóðarsamningi	10%	29.209
k. Þinglýsing lóðarleigusamninga – skv. gjaldskrá sýslumanna		
l. Tímagjald byggingarfulltrúa	7%	20.447
m. Tímagjald skipulagsfulltrúa	7%	20.447
n. Gjald fyrir önnur útköll, s.s. vettvangsskoðun og mælingar	10%	29.209
o. Stöðuleyfi gáma, báta, hjólhýsa o.fl. veitt til allt að 12 mánaða	15%	43.814
p. Stöðuleyfi söluvagna og söluskúra, á sumarleyfistíma maí-september	50%	146.047
r. Stöðuleyfi söluvagna og söluskúra, pr. mánuð	15%	43.814
s. Stöðuleyfi söluvagna og söluskúra, pr. viku	7%	20.447
t. Geymsluúrræði, 20 feta gámur á lóð sveitarfélagsins, pr. mánuð	10%	29.209
u. Geymsluúrræði, 40 feta gámur á lóð sveitarfélagsins, pr. mánuð	15%	43.814

Staðfestingargjald vegna lóðarúthlutunar er óendurkræft þótt lóðum sé skilað til sveitarfélagsins.

Þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skal staðgreiða. Greiða skal fyrir þjónustu og leyfisveitingu sem byggingarfulltrúi veitir umfram það meðalgjald sem kynnt er.

Fyrir neðangreinda þjónustu/afgreiðslu ber að greiða eftirtalin gjöld: Ljósritun, skönnun og útprentun á A1, A2, A3 og A4.

## 6.2 Ljósritun/prentun/skönnun teikninga:

a. A4, hver blaðsíða	50 kr.
b. A3, hver blaðsíða	100 kr.
c. A2, hver blaðsíða	200 kr.
d. A1, hver blaðsíða	300 kr.

## 7. gr.

*Gjaldldagi og lögveð.*

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu greidd innan eins mánaðar frá dagsetningu tilkynningarbréfs bæjaryfirvalda.

Leyfis- og þjónustugjöld endurgreiðast ekki þótt leyfi til framkvæmda falli úr gildi eða sé fellt úr gildi. Þó skulu þjónustugjöld endurgreiðd verði ekki af framkvæmdum á gildistíma byggingarleyfis.

Heimilt er að gera skriflegan samning um greiðslur. Byggingar- og framkvæmdaleyfisgjöldum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign og gjaldfallin gjöld má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og með vísan til 51. og 52. gr. þeirra laga.

Byggingarleyfisgjöld ásamt gjöldum fyrir úttekt og mælingar eru ákvörðuð og gjaldfalla við útgáfu byggingarleyfis. Önnur gjöld gjaldfalla við afhendingu tilheyrandi gagna.

8. gr.

Sveitarfélaginu er heimilt að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. IX. kafla laga um mannvirki nr. 160/2010, enda nemi þau ekki hærri fjárhæð en kostnaði við að veita þjónustuna.

9. gr.

*Verðlagsbreytingar.*

Grunnstofn er ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar fermetra í vísitöluhúsi eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987 um vísitölu byggingarkostnaðar. Gjöld skv. gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2024, 936,3 stig (130,2 stig) sem breytist 1. janúar ár hvert, til samræmis við breytingar á vísitölunni.

10. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Gjaldskrá þessi, sem öðlast þegar gildi, var samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar 25. janúar 2024 með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Gjaldskrá sama efnis nr. 844/2023 fellur úr gildi við gildistöku þessarar gjaldskrár.

*Vestmannaeyjum, 30. janúar 2024.*

**Íris Róbertsdóttir** bæjarstjóri.